



LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum

Samkvæmt 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

Þá kemur fram í 21. gr. að ráðherra gefi út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar. Sveitarstjórnnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna velferðarráðherra.

Við setningu og framkvæmd reglna sinna skulu sveitarfélög taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Á grundvelli framangreinds gefur velferðarráðuneytið út eftirfarandi leiðbeinandi reglur:

1. gr.

Réttur til þjónustu og inntak hennar.

Sveitarfélögum er skylt að tryggja að fjölskyldur fatlaðra barna eigi kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að barnauppeldi.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Við matið er horft til aldurs barns, eðlis og umfangs fötlunar og mats á stuðningsþörf, sem og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu eins og unnt er og að öll samskipti séu eins greið og kostur er, þar á meðal að íslenskt táknmál sé notað þar sem við á og í samræmi við lög þar að lútandi.

Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast að öllu jöfnu við sólarhringsþjónustu en semja má þó um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar sem fer þá eftir aðstæðum í hvert og eitt sinn.

Sveitarfélag skal tilgreina í reglum sínum hver sé viðmið um lengd og innihald þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskyldan veitir. Fyrir yfirfærsluna var þetta viðmið yfirleitt tveir sólarhringar í mánuði en eðlilegt er að sveitarfélög kanni hvernig viðmið þróast innan þjónustusvæðanna með það fyrir augum að framkvæmdin verði eins og best gerist. Ný viðmið þjónustu geta verið mest fjórir sólarhringar á mánuði, en við sérstakar aðstæður er unnt að veita undanþágu frá þeim og þá þannig að þjónustan sé veitt allt að sex sólarhringum á mánuði. Slík undanþága er ekki veitt nema að undangengnu faglegu mati á aðstæðum barnsins og stuðningsfjölskyldu.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn nema um systkini sé að ræða.

Þjónusta veitt á grundvelli þessara leiðbeininga felur aldrei í sér að stuðningsfjölskylda fái forsjá barns að nokkru leyti.



2. gr.

Hverjir eiga kost á þjónustu.

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða innan þess þjónustusvæðis sem ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar.

Þjónustan getur einnig staðið til boða fyrir fatlaða einstaklinga sem eru 18 ára og eldri, hafi samningur verið gerður þar að lútandi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Val á stuðningsfjölskyldu.

Hlutaðeigandi sveitarfélag eða þjónustusvæði ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Í ábyrgðinni felst að ákvörðun um val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á.

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti. Annars vegar að leyfi sé veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar þar að lútandi og hins vegar að tekin sé ákvörðun hverju sinni um að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

Sveitarfélög skulu leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem getur komið að gagni í faglegu starfi þeirra.

4. gr.

Gagnaöflun.

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin þarf að afla eftirfarandi gagna frá verðandi stuðningsfjölskyldu:

- a. Búsetuvottorðs.
- b. Heilbrigðisvottorðs.
- c. Samþykkis allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélag eða lögaðili um þjónustusvæði afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram komi hvort viðkomandi hafi hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
- d. Samþykkis forráðamanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga eða heilbrigðisfulltrúa.
- e. Staðfestingar um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- f. Staðfests yfirlits af starfi með börnum.
- g. Upplýsinga um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.

Í reglum þarf að tiltaka hvernig gagnaöflun tengist skilyrðum fyrir leyfisveitingu eða ákvörðun, meðal annars með eftirfarandi hætti:

1. Hvort krafa sé gerð um að hinir fullorðnu innan stuðningsfjölskyldu hafi náð tilteknum aldri, en aldursmörk eru ekki tiltekin í lögum.



2. Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin skal félagsmálastjóri meta aðstæður á heimili stuðningsfjölskyldu og skrifa greinargerð að loknu mati. Umsækjanda skal kynnt efni greinargerðarinnar og gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Sé heimili stuðningsfjölskyldu staðsett utan lögheimilissveitarfélags barnsins, fer úttekt fram á grundvelli umboðs sem félagsmálastjóri lögheimilissveitarfélags barnsins veitir starfsmanni félagsþjónustu þar sem stuðningsfjölskyldan á lögheimili. Byggist þessi skipan á því að lögheimilissveitarfélag barnsins ber ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar skv. 1. mgr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, sem og kostnaði vegna hennar.
3. Við leyfisveitingu skal það tekið skýrt fram í reglum og leyfisbréfi að forsvarsmenn stuðningsfjölskyldu skuli tafarlaust tilkynna um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar. Við endurnýjun leyfis er metið hvort leggja beri fram ný gögn eins og um nýja umsókn sé að ræða. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en þrjú ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar, auk þess sem fulltrúi félagsmálastjóra skal hafa heimsótt heimilið á því tímabili.

5. gr.

Svör við umsókn.

Umsækjendur skulu fá svar við því hvort unnt sé að bregðast við umsókninni innan sex vikna frá því að hún barst sveitarfélagi.

6. gr.

Form samnings og samningsfjárhæðir.

Um dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu skal alltaf gerður sérstakur samningur óháð því hvort val fjölskyldu fer fram á grundvelli umsóknar eða ákvörðunar hverju sinni. Samningur er einnig gerður ef stuðningsfjölskylda er fengin fyrir fatlaðan einstakling 18 ára og eldri eða ef úrræðið er notað sem stuðningsfjölskylda við fatlaða foreldra.

Samningsfjárhæð tekur almennt til þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskylda veitir hverju sinni. Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan á heimili barnsins ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið.

Samningsfjárhæðin skal taka mið af því hversu mikil þjónusta er veitt (í sólarhringum eða klukkustundum) og stigskiptingu eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Sveitarfélagi er heimilt að styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi.

Samningstímabil tengist úttekt á framkvæmd þjónustunnar sem skal eiga sér stað eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Samningur getur framlengst sjálfkrafa en í honum skulu vera gagnkvæm uppsagnarákvæði. Ef þjónustan er veitt á grundvelli leyfis, sbr. 3.-lið 4. gr., skal tiltekið í samningi að hann falli úr gildi með leyfi. Með sama hætti skal tekið fram að samningi megi rifta ef forsendur ákvörðunar eða leyfis bresta.

Í samningi eða skilmálum leyfis skal koma fram að stuðningsfjölskyldu sé óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.



7. gr.

Form á greiðslum.

Í reglum sveitarfélags skal skilgreina form greiðslna. Forsvarsmaður stuðningsfjölskyldu getur verið á launaskrá hjá viðkomandi sveitarfélagi eða sú leið farin að stuðningsfjölskylda geri verksamning við sveitarfélagið. Í síðarnefnda tilvikinu er um verktakagreiðslur að ræða og þá ber að hafa hliðsjón af tryggingamálum og öðrum hliðstæðum atriðum, sbr. 8. gr. Þegar um verksamning er að ræða getur stuðningsfjölskylda enn fremur dregið frá skattskyldum greiðslum tiltekinn kostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

8. gr.

Tryggingar og tengd atriði.

Í skilmálum leyfis er unnt að kveða á um hvaða tryggingar stuðningsfjölskylda skuli hafa. Byggist þjónustan á verksamningi skal hverju sinni kveðið á um tryggingamál. Með sama hætti er fjallað um eldvarnir og önnur slík atriði sem þurfa að vera í lagi á hverjum tíma.

9. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna. Sveitarfélag eða þjónustusvæði ber ábyrgð á því að stuðningsfjölskylda fái viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt velferð barnsins, þar á meðal ef barn er með óþol gagnvart tilteknum fæðutegundum, ofnæmi fyrir dýrum eða annað af þeim toga. Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa sveitarfélag barnsins og forráðamenn þess um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins. Almenn ætti stuðningsfjölskylda að gefa munnlegar upplýsingar eftir hverja dvöl. Óski foreldri barns eftir skriflegri staðfestingu á einhverjum atriðum skal orðið við því.

Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með þríhliða samkomulagi sveitarfélags, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barnsins. Með sama hætti skal kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsfjölskylda undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um barnið og fjölskylduhagi þess. Forráðamenn barns skulu einnig að undirgangast þagnarheit varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur eða þegar samningur rennur sitt skeið á enda.

Í þríhliða samkomulagi sveitarfélags, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barnsins má einnig fjalla um önnur atriði sem ekki teljast til heimilishalds eða dvalar, svo sem afþreyingu. Jafnframt getur slíkt samkomulag kveðið á um reglulega fundi félagsþjónustunnar með báðum fjölskyldum.

Veiti stuðningsfjölskylda jafnframt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga þannig að einkaheimili hennar falli undir 91. gr. þeirra laga koma bæði félagsþjónusta og barnaverndar-yfirvöld að eftirliti.

Reglur sveitarfélags um stuðningsfjölskyldur skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 38. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.



10. gr.

Endurskoðun.

Reglur sveitarfélaga skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og enn fremur að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða.

Tilvísanir

Samningur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks, undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007.

Reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með síðari breytingum.

Lög nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Barnaverndarlög, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

11. gr.

Gildistaka.

Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2012.

Velferðarráðuneytinu

24. janúar 2012